

**Ed.**

**337. Breytingartillaga**

**[47. mál]**

við frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, sbr. l. nr. 54/1986 og 27/1987.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur og Svavari Gestssyni.

Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Í stað 1. másl. 6. mgr. (verður 7. mgr.) 12. gr. laganna komi tveir nýir málsliðir er orðist svo:

Umsækjendur, sem ekki uppfylla skilyrði laga þessara um lánveitingu skv. 13., 14., 18. og 25. gr., skulu innan þriggja mánaða frá því að umsókn er lögð inn fá svar ef um synjun er að ræða. Endanleg svör um afgreiðslutíma láns og lánsfjárhæð berist eigi síðar en ári áður en fyrsti hluti láns kemur til afgreiðslu.